

Fljótdalshérað
Ómar Þróstur Björgólfsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júlí 2012
Tilvísun: UST20120600140/abg

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu flugvallasvæðis á Egilsstöðum.

Umhverfisstofnun vísar i erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótdalshéraðs dags 25. júní 2012 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi flugvallasvæðis Egilsstaðaflugvallar.

Ósk um umsögn barst ekki fyrr en tillagan hafði verið auglýst og athugasemda frestur liðinn.

Deiliskipulagssvæðið er um 120 ha svæði og hefur ekki verið deiliskipulagt áður í heild sinni, skipulagið byggir á aðalskipulagi Fljótdalshéraðs 2008-2028 m.s.br. Helstu markmið deiliskipulagsins er að fullnægja kröfum vegna reglugerðar um flugvelli nr. 464/2007, stækkan flughlaðs, fjölgun byggingarreita og færslu á egnos leiðréttингabúnaði á svæðinu.

Deiliskipulagssvæðið

Um er að ræða breytingu frá fyrra skipulagi sem felur í sér stækkan flughlaðs, fjölgun byggingareita og flutning á egnos búnaði.

Í umhverfisskýrslu skipulagsins kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi Fljótdalshéraðs 2008-2028 sé svæðið skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir, verslunar og þjónustusvæði, iðnaðarsvæði, flugvöllur, öryggissvæði flugvallar og landbúnaðarsvæði. Einnig kemur fram að hluti Egilsstaða- og Finnsstaðaness, sem eru innan deiliskipulagsmarka tillögunnar, séu skilgreindir í aðalskipulaginu sem náttúruverndarsvæði á náttúrumínjaskrá, vatnsverndarsvæði, brunnsvæði og grannsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að við norðurmörk vatnsvendarsvæðisins fara áætluð mörk deiliskipulagsins austur yfir Eyvindará og niður að Lagarfjóti og inn á náttúrumínjasvæði nr. 647. Samkvæmt aðalskipulagsupprætti liggja þéttbýlismörk Egilsstaða og Fellabæjar vestanmegin árinna. Umhverfisstofnun bendir á samkvæmt 23. gr. laga nr. 44/1999 er óheimilt að hindra umferð gangandi manna á vatns-, ár- eða sjávarbökkum og samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 4.15 um vötn, ár og sjó skal þess gætt, utan þéttbýlis, að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Umhverfisþættir

Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins eru settir fram nokkrir umhverfisþættir sem gætu orðið

fyrir áhrifum við skipulagsbreytinguna og framkvæmdir hennar. Í skýrslunni er samanburður á áætlaðri framkvæmd við núllkost og sett er fram að framkvæmdin hafi engin neikvæð áhrif en jákvæð í fjórum þáttum, núllkostur hafi engin áhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagsins er svæði nr. 647 á náttúruminjaskrá og þar segir:

Finnsstaðanes og Egilsstaðanes, Egilsstaðabær, Fellahreppi, S- og N-Múlasýslu. (1) Að vestan afmarkast svæðið af vesturbakka Lagarfljóts og síðan þvert yfir í ós á Finnsstaðakíl. Mörkin fylgja þar næst brekkurótum og túnjaðri neðan Finnsstaðabæja að suðurenda nýs farvegar Eyvindarár og þaðan með austur- og norðurbakka hans að flugvelli. Þaðan fylgja mörkin vestara öryggissvæði flugvallar að þjóðvegi sem afmarkar svæðið að sunnan. (2) Votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurrikum hólum. Allmikið og fjölbreytt fuglalíf, líklega eitt hið auðugasta á Héraði. Mikilvægur viðkomustaður fugla, einkum á vorin, þar sem ísa leysir snemma á þessu svæði.

Samkvæmt deiliskipulagstillöggunni er hluti þessa svæðis innan skipulagsins og áætlað er að færa búnað egnos frá núverandi staðsetningu að norðurenda flugvallarins inn á fyrrgreint náttúruminjasvæði. Ekki kemur fram í umhverfisskýrslu skipulagsins ástæða eða rökstuðningur fyrir því að fara þurfi inn á náttúruminjasvæðið með egnos búnaðinn og telur stofnunin að koma hefði átt fram frekari umfjöllun um ástæðu þess að búnaðurinn er færður inn á svæðið og hver hugsanleg áhrif hans geta orðið á ásýnd og lífríki svæðisins.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillögu Egilsstaðaflugvallar.

Virðingarfyllst
Olafur A Jónsson
Staðengill forstjóra

Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri